

Mánudaginn 27. mars 1995.

Nr. 107/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Jónasi James Norris

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. maí 1995 kl. 16.00.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn færði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan réttilega til Hæstaréttar, sbr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Koma því kröfur hans um breytingu úrskurðarins ekki til álit.

Í kröfugerð sóknaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars sl. er gerð grein fyrir því, að hann hafi til rannsóknar þrjú innbrotsmál, sem varnaraðili hafi viðurkennt að hafa staðið að, ýmist fyrir forvitni sakir eða til að reyna nýjar aðferðir við innbrot. Einnig er komið fram af hálfu sóknaraðila, að ákæra hafi verið gefin út 21. mars sl. á hendur varnaraðila fyrir innbrot 9. nóvember 1994. Þá er komið fram, að varnaraðili lauk síðast afplánun refsisdóms 4. nóvember 1993, en hefði þá verið í samfelldri afplánun frá 20. mars 1991. Sakavottorð varnaraðila ber með sér, að brotaferill hans er langur, en frá árinu 1978 hafa mál komið samtals nítján sinnum fyrir dómstóla vegna brota hans á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Krafa sóknaraðila er reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 auk a-liðar sömu greinar. Telja verður varnaraðila sýbrotamann, og verður gæsluvarðhald yfir honum því reist á báðum framangreind-

um lagaákvæðum. Samkvæmt þessu verður fallist á kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 3. maí 1995.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Jónas James Norris, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 3. maí 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 22. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Jónasi James Norris, kt. 230762-5549, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. maí 1995 kl. 16.00.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður lögregluna í Reykjavík hafa tilkynnt innbrot og þjófnað í húsnæði kvikmyndafélagsins Garps- og Kam-kvikmynda kl. 9.12 þriðjudaginn 21. mars 1995. Við rannsókn hafi komið í ljós, að farið hefði verið inn um opnanlegt gluggafag á glugga, sem snýr út að Norðurstíg. Hefði gluggafagið verið spennt upp. Ljóst sé, að stórfelldum verðmætum hafi verið stolið. Talið er, að verðmæti þýfisins nemi nær 4 milljónum króna, en þýfið er tölvubúnaður af ýmsu tagi, svo sem vél- og hugbúnaður, myndavélar, kvikmyndatökuvélar, upptökutæki auk ómetanlegra gagna á diskum tölvubúnaðar, handrit og mjög verðmæt persónuleg gögn auk geisladiska, símbúnaðar o. fl.

Kærði var handtekinn á heimili sínu um kl. 15.55 í gær, 21. þ. m., og fór fram húsleit þar með samþykki hans. Fundust þar nokkrir munir úr innbroti þessu.

Við yfirheyrslu hjá RLR gekkst kærði við því að vera valdur að innbroti þessu í félagi við Bjarna Leif Pétursson. Kærði ítrekaði þá játningu sína hér fyrir dóminum fyrr í dag. Þá kveðst kærði hafa brotið „silinder“ af hurðum í veimur fyrirtækjum og bílageymslu 13. og 19. mars sl., en engu stolið þaðan.

Enn er hluti þýfisins ófundinn, og verður því að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að um rannsóknarhagsmuni sé enn að ræða. Hins vegar þykir brotaferill kærða undanfarin misseri ekki slíkur, að unnt sé að fallast á kröfu um gæsluvarðhald með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til framanritaðs þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi sam-

kvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 allt til föstudagsins 31. mars nk. kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jónas James Norris, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 31. mars nk. kl. 16.00
